

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna lóðarinnar Kirkjuvegur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 8. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna lóðarinnar við Kirkjuveg 3. Breytingin felst í því að skipting lóðarinnar milli Kirkjuvegs 3 og 3A er tekin út.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna lóðarinnar Tinnuskarð 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar 15. maí 2024 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna lóðarinnar Tinnuskarð 2. Breytingin fest í að byggingarreitir stækkar, íbúðum fjölgar úr þremur í fjórar og bílastæðum fjölgar úr þremur í fimm. Kröfu um þakform er breytt og hámarkshæð breytist miðað við það.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. maí 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.